



904. fundur stjórnar GSÍ, 12. nóvember 2018 kl.19:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkeldsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar K. Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir (í gegnum fjarfundabúnað), Jón B. Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 903 samþykkt og undirrituð

2. Ársreikningur 2018

Brynjar Eldon Geirsson fór yfir ársreikning GSÍ ásamt gjaldkera GSÍ Kristínu Guðmundsdóttir fyrir starfsárið 2018 en eftir það voru umræður um ársreikning, sem var loks samþykktur einróma og undirritaður af stjórn GSÍ með fyrirvara um samþykkt af hálfu endurskoðenda GSÍ. Niðurstaða ársins er sú að sambanbandið var rekið með 3,5 milljóna króna hagnaði á tímabilinu. Með þessu færast Golfsamband Íslands nær sínum langtímamarkmiðum í rekstrinum.

3. Áætlun 2019 og 2020

Brynjar og Kristín fóru yfir helstu mál tengd áætlanagerð GSÍ 2019 og 2020. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 og 2020 voru lögð fram til samþykktar. Fjárhagsnefnd GSÍ var falið að ljúka við áætlun fyrir formannafund og bera undir stjórn tímanlega fyrir fundinn ásamt því að koma með tillögu fyrir stjórn varðandi félagsgjöld árið 2020. Ýmislegt er á dagskrá á komandi árum en árið 2019 þarf að dreifa og kynna nýjar golfreglur og árið 2020 hefst innleiðing á nýju forgjafarkerfi og innleiðing þess.

4. Stefnumótun GSÍ 2020 - 2027

Haukur Örn ásamt Eggerti Á. Sverrissyni kynntu, fyrir hönd stýrihóps stefnumótunar GSÍ, drög að því skjali sem á að ræða á formannafundi. Ítarlega var farið yfir mikilvægustu spurningar hvers málaflökks og voru stjórnarmenn beðnir um viðbrögð við framlögðum spurningum starfsnefndanna. Mikil vinna hefur verið lögð í skjalið sem á að bera undir hreyfinguna á formannafundi þann 24. nóvember nk., til umræðu.

5. Mótaskrá 2019, drög

Brynjar kynnti tillögu að mótaskrá 2019 sem voru samþykkt, drögin verða kynnt klúbbum á formannafundi. Ýmsar nýjungar voru ræddar, meðal annars fækkun móta og tilfærsla dagsetninga. Jóni B. Stefánsyni var falið að ræða við Hörð Geirsson um mótaskrá eldri kylfinga.

6. Formannafundur 2018 (24.11.2018 Grindavík



Haukur Örn fór yfir dagskrá formannafundar. Dagskrá og hlutverk stjórnarliða á fundinum rædd.

7. Önnur mál

- Umsóknir um námstyrki í golfkennaraskóla ræddar. Samþykkt var að veita þeim Stefaníu Kristínu Valgeirsdóttur GA og Brynjari Erni Rúnarssyn GN námsstyrk, og skal heildarfjárhæð styrksins skiptast á milli þeirra fyrsta skólaárið. Samhliða greiðslu námsstyrksins, verður gerður samningur við styrkhafa.
- Vinnuhelgi stjórnar GSÍ í lok apríl 2019 rædd. Samþykkt var að halda fundinn dagana 25.-28. apríl.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 22:15